

Ísafjörður, 9. febrúar 2017

Ísafjarðarbær
Skipulags- og mannvirkjanefnd
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



Erindi: Fyrirspurn um fyrirætlanir á hverfisvernduðu svæði við Hafnarstræti á Ísafirði og viðmið og reglugerðir bæjarins um byggingarstíl, byggingarefni og skipulag byggðar í miðbæ Ísafjarðar.

Undirritaðir óska eftir upplýsingum um fyrirætlanir á reit sem samkvæmt gildandi aðalskipulagi flokkast sem hverfisverndaður reitur í miðbæ Ísafjarðar. Reiturinn er ekki byggingalóð en hefur verið talinn til Hafnarstrætis 13-17 á umsókn um byggingaleyfi sem lagt var fyrir Skipulags- og mannvirkjanefnd í nóvember 2016. Samkvæmt reglugerðum skal auglýsa hina fyrirhuguðu framkvæmd á vernduðu svæði og veita almenningi og hagsmunaaðilum tækifæri til að koma sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri áður en tekin er ákvörðun um leyfi til framkvæmda.

Undirritaðir velta upp ýmsum hugmyndum um nýtingu lóðarinnar og mikilvægi hennar á tilsýnd Hafnarstrætis, miðbæjarins og Pollsins.

Þessi hluti Hafnarstrætis er einn af fáum stöðum þar sem gangandi vegfarendur njóta yfirsýnar Pollsins. Ennfremur mun það loka á útsýni yfir gömul og sögufræg hús frá Pollgötu og myndi því breyta bæði götu- og bæjarmynd umtalsvert með því að loka af Hafnarstrætið.

Enn sem komið er er enn mikið til af lausum byggingarlóðum í bænum, bæði í Tunguhverfi og á Seljalandi auk þess sem löggð hefur verið vinna í skipulag íbúðarhverfis á Suðurtanga sem eðlilegt þætti að nýta áður en hafist er handa við byggingar á viðkvæmum stöðum í hjarta bæjarins.

Grænir reitir nýtast stórum hópi íbúa sem og ferðamanna sem hingað koma og felur að auki í sér tækifæri til að breyta og nýta svæðið seinna meir fyrir tiltölulega lítinn kostnað undir mannvirki, hvort heldur bílastæði eða byggingar ef vilji eða þörf er fyrir hendi.

Sömuleiðis vilja íbúar og eigendur fá upplýsingar um stefnu bæjarins á bæjarsýn, hvað varðar byggingastíl, byggingarefni og lóðaskipulag í miðbæ Ísafjarðar. Undirritaðir hvetja bæjaryfirvöld, ef það er einlægur vilji til að byggja á lóðinni, til þess að setja mjög háar kröfur hvað varðar byggingarstíl til að upphefja bæjarmynd fremur en að draga úr líkt og gert hefur verið með byggingum Hafnarstrætis 9-11 og Hafnarstrætis 19-21 sem hvoru tveggja eru frambærilegar byggingar en sóma sér á engan hátt vel við aðalgötu í miðbæ. Ósk okkar er að haft verði í huga heildarásýnd og útlit miðbæjarins t.d. líkt og gert var við hönnun á blandaðri byggð við Suðurtanga. Þar var stefnan sett á að leitast yrði eftir að það hafa ris á þaki og útlit húsanna væri í sama dúr og gömlu hús bæjarins. Ennfremur að ekki verði hægt að fá leyfi fyrir byggingu húsa sem skera sig mikið úr þeim stíl. Hugla þarf að mörgu, göturým og útsýni gangandi vegfarenda sem og íbúa í nágrenninu og því skiptir bæði hæð byggingar máli sem og stærð grunnflatar. Mikilvægt er að reynt sé að skapa viðkunnanlega umgjörð við aðalgötu bæjarins.

Það mega allir vera sammála um að ákvarðanir um nýtingu sambærilegs svæðis í hjarta bæjarins verður að taka að vel ígrunduðu máli, hvað varðar nýtingu fyrir sem flesta og að mikill sómi sé af. Skipulag þessa reits hefur mikið að segja fyrir heildar ásýnd miðbæjarins og Póllsins.

Virðingarfyllst

Íbúar og eigendur Hafnarstrætis 18

Snorri Hinriksson,

Veigar Gíslason

Suchada Díska Gíslason

Elin Marta Eiríksdóttir

Tómas Emil Guðmundsson Hansen

Ólafur Sölvi Eiríksson

Agnes Ósk Þorsteinsdóttir

f.h. íbúa

Elin Marta Eiríksdóttir

Elin Marta Eiríksdóttir